Vestfjarðastofa

FARSÆLDARRÁÐ VESTFJARÐA

Svæðisbundin forgangsröðun aðgerða vegna farsældar á Vestfjörðum

2026-2030





Inngangur

Það er sameiginlegt verkefni samfélagsins að skapa öllum börnum skilyrði til að ná líkamlegum, sálrænum, vitsmunalegum, siðferðilegum og félagslegum þroska og heilsu á eigin forsendum til framtíðar. Öll börn á Vestfjörðum eiga að fá notið réttinda sinna, tækifæra og stuðnings, til þess þarf öflugt samstarf sveitarfélaga, ríkisstofnana, skóla, heilbrigðis- og félagsþjónustu, frístundastarfs og annarra sem koma að þjónustu við börn og fjölskyldur. Sérstaða Vestfjarða, meðal annars dreifð byggð, langar vegalengdir og fámenn samfélög, kallar jafnframt á samnýtingu þekkingar og úrræða og lausnir sem taka mið af ólíkum aðstæðum barna og fjölskyldna.

Aðgerðaráætlun þessi er unnin á vettvangi Farsældarráðs Vestfjarða og nær til áranna 2026–2030. Hún byggir meðal annars á stefnu og framkvæmdaráætlun mennta- og barnamálaráðherra um farsæld barna til ársins 2030, lögum um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna, fyrirliggjandi gögnum um stöðu barna á Vestfjörðum og þekkingu þeirra sem starfa með börnum og fjölskyldum á svæðinu.

Mótun áætlunarinnar hófst á fyrsta fundi Farsældarráðs Vestfjarða í Baldurshaga á Bíldudal. Þar komu saman fulltrúar sveitarfélaga, mennta-, heilbrigðis- og félagsþjónustu, lögreglu, íþrótta- og æskulýðsstarfs og ungmenna. Þátttakendur unnu í þverfaglegum hópum að því að greina styrkleika, áskoranir og tækifæri til umbóta. Jafnframt voru mótaðar hugmyndir að aðgerðum og rætt hvaða aðilar þyrftu að vinna saman, hver fyrstu skrefin ættu að vera og hvernig mætti meta árangur að fjórum árum liðnum.

Áætlunin endurspeglar því sameiginlega sýn ólíkra þjónustukerfa og leggur sérstaka áherslu á samstarf þvert á sveitarfélög, stofnanir og faggreinar. Hún er lifandi stjórntæki sem verður fylgt eftir, endurskoðað á árs fresti og þróað í ljósi reynslu, nýrra gagna og samráðs við börn, fjölskyldur og fagfólk.

Yfirlit

1. Áætlun til fjögurra ára 3
1.1 Framtíðarsýn: Vestfirðir verði ákjósanlegasti staðurinn til þess að ala upp börn 4
1.2 Lykilviðfangsefni 4
A. Samþætt og aðgengileg þjónusta fyrir börn og fjölskyldur 6
1. Sameiginlegt verklag um samþættingu þjónustu 6
2. Samræmd fræðsluáætlun um farsæld barna á Vestfjörðum 6
3. Sameiginlegt yfirlit yfir úrræði og þjónustu fyrir börn á Vestfjörðum 7
4. Samþættur stuðningur við fjölskyldur frá fyrstu stundu 7
5. Lágþröskuldar geðheilbrigðisþjónusta fyrir börn og ungmenni 7
B. Virk þátttaka, jöfn tækifæri og fjölbreytni 8
6. Virk ungmennaráð á öllum Vestfjörðum 8
7. Tilraunaverkefni um ungmennahús og viðburði fyrir ungmenni 8
8. Jafningjafræðsla ungmenna á Vestfjörðum 9
9. Efling félagsmiðstöðvastarfs á Vestfjörðum 9
10. Börn í fjölmenningarsamfélagi 10
C. Örugg og heilbrigð uppvaxtarskilyrði 10
11. Öruggur skóli og snemmtæk viðbrögð við ofbeldi 10
12. Tryggur fullorðinn fyrir hvert barn 11
13. Aðgengi að íþróttum, listum og tómstundum óháð aldri og búsetu 11
14. Öflugt foreldrasamfélag 11
15. Saman um örugga hátíð 12
D. Þekking sem leiðir til framfara 12
16. Aukin fagþekking í leikskólum á Vestfjörðum 12
17. Aukin þekking og gagnsæi – nýting gagna 13
Viðauki I 14
Upplýsingar um útreikning á fjármagnsþörf 14

1. Áætlun til fjögurra ára

Aðgerðaráætlunin markar sameiginlega stefnu Vestfjarða í málefnum barna og fjölskyldna fyrir árin 2026–2030. Meginmarkmið hennar er að efla farsæld barna með snemmtækum stuðningi, samþættri þjónustu, virkri þátttöku barna og markvissri nýtingu þekkingar og gagna. Á Vestfjörðum er þegar til staðar fjölbreytt þjónusta, fagþekking og víða gott þverfaglegt samstarf. Áætlunin byggir á þessum styrkleikum. Henni er ekki fyrst og fremst ætlað að koma á fót nýjum þjónustukerfum heldur að samnýta betur þá þjónustu, mannauð og þekkingu sem þegar eru fyrir hendi, bæta upplýsingaflæði og skapa skýrari og samræmdari umgjörð um samstarfið.

Hver aðgerð hefur skilgreint markmið, ábyrgðaraðila, framkvæmdaraðila, tímaramma, mælikvarða og upplýsingar um fjármögnun. Með reglulegri eftirfylgni verður unnt að meta framvindu, bregðast við hindrunum og beina kröftum og fjármunum þangað sem þörfin er mest.

Eftirfarandi gögn og stefnumótun var nýtt sem leiðarljós við gerð áætlunarinnar, athugið að ekki er um tæmandi lista að ræða.

Lög og landsstefna

- Stefna og framkvæmdaráætlun stjórnvalda um farsæld barna
- Lög um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna
- Æskulýðslög
- Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna
- Lög um grunnskóla
- Barnaverndarlög
- Lög um heilbrigðisþjónustu

Staða barna og þjónustu

- Íslenska æskulýðsrannsóknin
- Lýðheilsuvísar
- Samantekt um stöðu innleiðinar farsældarlaganna á Vestfjörðum
- Niðurstöður Menntaþings Vestfjarða 2026
- Stöðuskýrsla heilbrigðisráðuneytisins um umbreytingar í geðheilbrigðisþjónustu barna

Svæðisbundin stefnumörkun

- Menntastefna Vestfjarða 2023-2040
- Svæðisskipulag Vestfjarða 2025-2050
- Sóknaráætlun Vestfjarða 2025-2029
- Stefnur framboða til sveitarstjórnar 2026
- Vestfirðir: Samantekt fyrir íþróttahéruð
- Forvarnar- og lýðheilsustefna Ísafjarðarbæjar 2026-2031

1.1 Framtíðarsýn: Vestfirðir verði ákjósanlegasti staðurinn til þess að ala upp börn

Börn og fjölskyldur verða forgangsmál

Vestfirðingar hafa á undanförnum árum lagt ríka áherslu á atvinnu- og samgöngumál með góðum árangri. Vestfirska efnahagsundrið og bættar tengingar við höfuðborgarsvæðið eru til marks um þann uppgang sem nú ríkir á svæðinu. Til að viðhalda uppgangi og byggja undir blómlegt samfélag til framtíðar þurfum við að setja málefni barna og fjölskyldna í sama forgang og tryggja þeim framúrskarandi þjónustu og stuðning.

Börn og fjölskyldur fái viðeigandi stuðning á réttum tíma og upplifi þjónustuna sem aðgengilega, samfellda og samræmda. Sjónarmið barna hafi raunverulegt vægi við ákvarðanir sem þau varða og þjónustuaðilar vinni saman út frá skýrum hlutverkum, sameiginlegri ábyrgð og bestu mögulegu þekkingu.

Fjölskyldur vilja búa á Vestfjörðum

Vestfirðir verði fyrsti valkostur fólks sem leitar að góðum stað til að setjast að og ala upp börn. Þar njóti öll börn og fjölskyldur framúrskarandi þjónustu og stuðnings í samfélagi þar sem farsæld barna og fjölskyldna er í fyrirrúmi.

1.2 Lykilviðfangsefni

Aðgerðir áætlunarinnar skiptast í fjögur lykilviðfangsefni:

A. Samþætt og aðgengileg þjónusta fyrir börn og fjölskyldur

Áhersla er lögð á að ljúka innleiðingu farsældarlaganna, samræma verklag og tryggja að börn og fjölskyldur fái samfellan stuðning óháð búsetu eða því hvaða þjónustuaðilar koma að málum þeirra.

B. Virk þátttaka, jöfn tækifæri og fjölbreytni

Tryggt er að börn og ungmenni geti haft raunveruleg áhrif á samfélag sitt og að öll börn hafi sambærileg tækifæri til þátttöku og þjónustu, óháð aðstæðum eða bakgrunni.

C. Örugg og heilbrigð uppvaxtarskilyrði

Forvarnir, snemmtækur stuðningur og sterk tengsl við fjölskyldu, skóla og nærsamfélag eru áherslumál. Börn þurfa að upplifa öryggi, tilheyra samfélaginu og hafa aðgang að traustum fullorðnum og fjölbreyttu íþrótta-, lista- og tómstundastarfi.

D. Þekking sem leiðir til framfara

Áhersla er lögð á fagþekkingu, símenntun, samstarf og markvissa nýtingu gagna. Ákvarðanir um þjónustu og forgangsröðun skulu byggðar á áreiðanlegum upplýsingum um stöðu og þarfir barna á Vestfjörðum.

Eftirfarandi aðgerðir ganga þvert á öll lykilviðfangsefni áætlunarinnar:

1. Sameiginlegt verklag um samþættingu þjónustu
2. Samræmd fræðsluáætlun um farsæld barna á Vestfjörðum
3. Sameiginlegt yfirlit yfir úrræði og þjónustu fyrir börn á Vestfjörðum
4. Samþættur stuðningur við fjölskyldur frá fyrstu stundu
5. Lágþröskuldar geðheilbrigðisþjónusta fyrir börn og ungmenni
6. Virk ungmennaráð á öllum Vestfjörðum
7. Tilraunaverkefni um ungmennahús og viðburði fyrir ungmenni
8. Jafningjafræðsla ungmenna á Vestfjörðum
9. Efling félagsmiðstöðvastarfs á Vestfjörðum
10. Börn í fjölmenningarsamfélagi
11. Öruggur skóli og snemmtæk viðbrögð við ofbeldi
12. Tryggur fullorðinn fyrir hvert barn
13. Aðgengi að íþróttum, listum og tómstundum óháð aldri og búsetu
14. Öflugt foreldrasamfélag
15. Saman um örugga hátíð
16. Aukin fagþekking í leikskólum á Vestfjörðum
17. Aukin þekking og gagnsæi – nýting gagna

A. Samþætt og aðgengileg þjónusta fyrir börn og fjölskyldur

1. Sameiginlegt verklag um samþættingu þjónustu

Markmið: Að tryggja að einstaklingar og fjölskyldur fái samfellda og samræmda þjónustu, óháð því hvaða aðilar koma að málum þeirra. Ljúka innleiðingu farsældarlaganna á Vestfjörðum samkvæmt handbók um innleiðingu frá Barna- og fjölskyldustofu.
Lýsing: Mótað verði sameiginlegt grunnverklag fyrir þjónustuveitendur á Vestfjörðum um framkvæmd samþættingar þjónustu í þágu farsældar barna. Verklagið skýri hlutverk, ábyrgð, boðleiðir og samstarf frá því að þörf barns er greind þar til samþættingu lýkur eða þjónusta færist milli aðila og þjónustustiga.
Ábyrgðaraðili: Tilnefndir ábyrgðaraðilar innleiðingar farsældar hjá sveitarfélögum og ríkisstofnunum.
Framkvæmdaraðilar: Ábyrgðaraðilar farsældar hjá sveitarfélögum og ríkisstofnunum, Vestfjarðastofa, Barna- og fjölskyldustofa veitir ráðgjöf eftir þörfum.
Tímabil: 2026 – 2028.
Lykilmælikvarðar: Sameiginlegt grunnverklag og tilheyrandi verkfæri liggja fyrir eigi síðar en í árslok 2027. Allir viðeigandi þjónustuveitendur hafa aðlagað, samþykkt og innleitt verklagið eigi síðar en í árslok 2028.
Fjármagn: Samtals 9.600.000 kr. og þar er ný fjárþörf 0 kr.

2. Samræmd fræðsluáætlun um farsæld barna á Vestfjörðum

Markmið: Að tryggja að starfsfólk, stjórnendur og kjörnir fulltrúar hafi þá þekkingu og færni sem þarf til að innleiða farsældarlögin og veita börnum samfellda og samþætta þjónustu. Að fræðsla sé regluleg, samræmd og aðgengileg óháð vinnustað og staðsetningu.
Lýsing: Mótuð og innleidd verði sameiginleg, árleg fræðsluáætlun fyrir sveitarfélög, stofnanir og aðra þjónustuveitendur barna á Vestfjörðum.
Ábyrgðaraðili: Tilnefndir ábyrgðaraðilar innleiðingar farsældar hjá sveitarfélögum og ríkisstofnunum.
Framkvæmdaraðilar: Tilnefndir ábyrgðaraðilar innleiðingar farsældar hjá sveitarfélögum og ríkisstofnunum í samstarfi við verkefnastjóra Farsældarráðs Vestfjarða og Barna- og fjölskyldustofu. Stjórnendur viðeigandi stofnana og vinnustaða.
Tímabil: 2026 – 2027.
Lykilmælikvarðar: Árlega verði samþykkt og birt sameiginleg fræðsluáætlun og að minnsta kosti tvö fræðsluerindi haldin. Þátttaka verði skráð eftir vinnustöðum og hlutverkum. Jafnframt verði fylgst með hlutfalli starfsfólks sem hefur lokið grunnfræðslu og hlutfalli tengiliða og málstjóra sem hefur lokið viðeigandi sérfræðifræðslu.
Fjármagn: Samtals 14.025.000 kr. og er ný fjárþörf 0 kr.

3. Sameiginlegt yfirlit yfir úrræði og þjónustu fyrir börn á Vestfjörðum

Markmið: Að börn, foreldrar og þjónustuveitendur geti auðveldlega fundið réttar og uppfærðar upplýsingar um þjónustu og úrræði á öllum Vestfjörðum.
Lýsing: Kortlagt verði hvaða þjónusta og úrræði standa börnum og fjölskyldum til boða á Vestfjörðum og þau flokkuð eftir 1., 2. og 3. stigi farsældarþjónustu.
Ábyrgðaraðili: Tilnefndir ábyrgðaraðilar innleiðingar farsældar hjá sveitarfélögum og ríkisstofnunum.
Framkvæmdaraðilar: Tilnefndir ábyrgðaraðilar innleiðingar farsældar hjá sveitarfélögum og ríkisstofnunum í samstarfi við verkefnastjóra Farsældarráðs Vestfjarða
Tímabil: 2027 – 2028.
Lykilmælikvarðar: Við lok árs 2028 liggur fyrir yfirfarið yfirlit yfir þjónustu og úrræði fyrir börn í öllum átta sveitarfélögum Vestfjarða; öll skráð úrræði eru flokkuð eftir þjónustustigi, eru aðgengileg og ábyrgðaraðili hefur verið tilnefndur fyrir uppfærslu upplýsinga.
Fjármagn: Samtals 12.700.000 kr. og þar er ný fjárþörf 0 kr.

4. Samþættur stuðningur við fjölskyldur frá fyrstu stundu

Markmið: Að félagslegur stuðningur verði eðlilegur og aðgengilegur hluti þjónustu við fjölskyldur frá meðgöngu og að þörfum þeirra sé mætt snemma, áður en vandinn verður umfangsmikill.
Lýsing: Kannaður verði fýsileiki þess að auka samstarf heilbrigðiskerfis við sveitarfélög í þjónustu við fjölskyldur með ung börn. Mótað og innleitt verði sameiginlegt samstarfslíkan Hvest/HVE og félagsþjónustu sveitarfélaganna um stuðning við verðandi foreldra og fjölskyldur með ung börn.
Ábyrgðaraðili: Félagsþjónusta sveitarfélaga í samstarfi við Hvest og HVE.
Framkvæmdaraðilar: félagsþjónusta sveitarfélaganna, og starfsfólk í meðgöngu-, ung- og smábarnavernd á heilbrigðisstofnunum, tengiliðir og málstjórar farsældar hjá sveitarfélögum og heilbrigðisstofnunum.
Tímabil: 2027 – 2030.
Lykilmælikvarðar: Tekin hefur verið afstaða til fýsileika samstarfsins hjá heilbrigðisstofnunum og sveitarfélögunum; sameiginlegir samstarfs- og verkferlar verið samþykktir og innleiddir hjá heilbrigðisstofnunum og félagsþjónustu viðeigandi sveitarfélaga; engiliður verkefnisins eru tilnefndir; mældur verði fjöldi fjölskyldna sem fá upplýsingar eða tilboð um samþætta þjónustu, félagslega ráðgjöf ásamt fjölda fjölskyldna sem þiggja stuðninginn.
Fjármagn: Samtals 11.580.000 kr. og er ný fjárþörf 0 kr.

5. Lágþröskuldar geðheilbrigðisþjónusta fyrir börn og ungmenni

Markmið: Að börn og ungmenni á Vestfjörðum fái snemmtækan og viðeigandi stuðning vegna geðræns eða tilfinningalegs vanda óháð búsetu, áður en vandinn verður alvarlegur.
Lýsing: Að tryggja aðgengi barna og ungmenna að lágþröskuldar geðheilbrigðisþjónustu. Jafnframt að einfalda leið barna og fjölskyldna inn í þjónustuna, stytta bið og tryggja samfellu milli heilbrigðisþjónustu, skólaþjónustu og félagsþjónustu.

Ábyrgðaraðili: Sveitarfélögin í samstarfi við heilbrigðisstofnanir.
Framkvæmdaraðilar: Velferðarsvið sveitarfélaga og geðheilsuteymi barna og unglinga á heilbrigðisstofnunum.
Tímabil: 2026 – 2030.
Lykilmælikvarðar: Skýr þjónustulýsing, aðgangsleiðir og viðmið um viðbragðstíma liggja fyrir; Fjöldi erinda; biðtími eftir fyrsta viðtali; hlutfall barna sem fær þjónustu í nærumhverfi. Íslenska æskulýðsrannsóknin; andleg líðan; kvíði; depurð.
Fjármagn: Tekið saman síðari stigum.

B. Virk þátttaka, jöfn tækifæri og fjölbreytni

6. Virk ungmennaráð á öllum Vestfjörðum

Markmið: Að öll börn og ungmenni á Vestfjörðum hafi regluleg og raunveruleg tækifæri til að hafa áhrif á ákvarðanir sem þau varða.
Lýsing: Sveitarfélög stofni eða endurvekji ungmennaráð, móti sameiginleg lágmarksviðmið um starf þeirra og tryggi formlegt samstarf við Ungmennaráð Vestfjarða. Við framkvæmd aðgerðarinnar verði unnið eftir viðmiðum Barnvænna sveitarfélaga UNICEF og kannað mögulegt samstarf við verkefnið.
Ábyrgðaraðili: Sveitarfélögin.
Framkvæmdaraðilar: Ábyrgðaraðilar ungmennaráða hjá sveitarfélögum.
Tímabil: 2026 – 2030.
Lykilmælikvarðar: Virkt ráð eða formlegt samstarf í öllum sveitarfélögum; að minnsta kosti þrír fundir á ári; 1 mál til umsagnar á ári; sveitarfélög afgreiða eina tillögu á tímabilinu.
Fjármagn: Samtals 41.190.000 kr. en ný fjárþörf er ólík eftir sveitarfélögum.

7. Tilraunaverkefni um ungmennahús og viðburði fyrir ungmenni

Markmið: Að skapa öruggan og aðgengilegan vettvang fyrir ungmenni á framhaldsskólaaldri, efla félagsleg tengsl og þátttöku þeirra, draga úr áhættuhegðun og afla reynslu fyrir framtíðarstarfsemi ungmennahúsa á Vestfjörðum.
Lýsing: Haldnir verði tíu fjölbreyttir viðburðir fyrir ungmenni á Vestfjörðum. Samantekt verður lögð fyrir sveitarfélög með niðurstöðum frá viðburðunum og kynningu á fýsileika á stofnun ungmennahúsa.
Ábyrgðaraðili: Tómstundafulltrúar sveitarfélaga.
Framkvæmdaraðilar: Tómstundafulltrúar sveitarfélaga, framhaldsskólar, nemendafélög, ungmennaráð, verkefnastjóri farsældarráðs og ungmennamráðs Vestfjarða.
Tímabil: 2026-2028.
Lykilmælikvarðar: Tíu viðburðir hafa verið haldnir fyrir lok árs 2027; skráður verði fjöldi þátttakenda eftir aldri, búsetu og tengingu við skóla, án persónugreinanlegra upplýsinga; mælt verði hversu margir taka þátt ítrekað, hlutfall ungmenna utan skóla, ánægja þátttakenda, upplifun þeirra af öryggi og félagslegri tengingu og hvort þau telji þörf fyrir áframhaldandi ungmennahúsastarf. Árið

2028 liggur fyrir tillaga um framtíðarfyrirkomulag ungmennahúss eða svæðisbundins félagsstarfs ungmenna á framhaldsskólaaldri.
Fjármagn: Heildarkostnaður er áætlaður 1.150.000 kr. Kostnaðarmatið byggir á samþykktri kostnaðaráætlun styrkumsóknar til mennta- og barnamálaráðuneytisins og er aðgerðin því fullfjármögnuð.

8. Jafningjafræðsla ungmenna á Vestfjörðum

Markmið: Að efla forvarnir, heilsulæsi, valdeflingu og félagslega þátttöku ungmenna með fræðslu sem er mótuð og miðlað af ungu fólki.
Lýsing: Undirbúið verður jafningjafræðsluverkefni þar sem 16–18 ára ungmenni fá þjálfun og stuðning til að fræða önnur ungmenni um málefni sem varða líf þeirra, heilsu og öryggi. Jafningjafræðsla verður prufukeyrð í eitt ár í að minnsta kosti einu sveitarfélagi.
Ábyrgðaraðili: Sveitarfélög.
Framkvæmdaraðilar: tómstunda-, íþrótta- og æskulýðsfullrúar sveitarfélaga, verkefnastjóri farsældarráðs og ungmennaráðs Vestfjarða.
Tímabil: 2026-2029.
Lykilmælikvarðar: Kortlagning og þarfagreining hafa verið framkvæmd í öllum sveitarfélögum; stýrihópur hefur verið stofnaður; umgjörð jafningjafræðslu liggur fyrir; að minnsta kosti eitt sveitarfélag hefur prufukeyrt eitt ár af jafningjafræðslu.
Fjármagn: Kostnaður er áætlaður 270 þús. kr. fyrir undirbúning og innleiðingu. Kostnaðarmatið byggir á samþykktri kostnaðaráætlun styrkumsóknar til mennta- og barnamálaráðuneytisins og er undirbúningur og innleiðing því fjármögnuð. Að loknum undirbúningi er gert ráð fyrir að jafningjafræðsla verði prófuð í eitt ár í að minnsta kosti einu sveitarfélagi. Gróft kostnaðarmat vegna eins árs tilraunakeyrslu er 8 m.kr. og þarf sú fjárhæð að liggja fyrir í fjárhagsáætlun tilraunasveitarfélagsins fyrir árið 2028.

9. Efling félagsmiðstöðvastarfs á Vestfjörðum

Markmið: Að börn og ungmenni á Vestfjörðum hafi aðgang að öruggu, fjölbreyttu og faglegu félagsmiðstöðvastarfi óháð búsetu. Að auka þátttöku, styrkja félagsleg tengsl og vellíðan ungmenna og efla félagsmiðstöðvar sem vettvang snemmtækra forvarna og lýðræðislegrar þátttöku.
Lýsing: Efla skal faglegt samstarf félagsmiðstöðva á Vestfjörðum, auka gæði og fjölbreytni starfsins og innleiða aðferðir sem hafa reynst vel annars staðar. Sérstök áhersla verði lögð á að ná til fjölbreyttari hóps barna og ungmenna og styrkja hlutverk félagsmiðstöðva í forvörnum, inngildingu og þátttöku.
Ábyrgðaraðili: Tómstunda-, íþrótta- og æskulýðsfullrúar sveitarfélaga ásamt verkefnastjóra Farsældarráðs Vestfjarða.
Framkvæmdaraðilar: Tómstunda-, íþrótta- og æskulýðsfulltrúar sveitarfélaga, starfsfólk félagsmiðstöðva og verkefnastjóri Farsældarráðs Vestfjarða.
Tímabil: 2026-2027.

Lykilmælikvarðar: Virkt tengslanet tómstunda-, íþrótta- og æskulýðsfulltrúa hefur verið stofnað og fundar reglulega. Kortlögð hafa verið að minnsta kosti fimm fyrirmyndarverkefni eða aðferðir sem henta aðstæðum á Vestfjörðum.
Fjármagn: Kortlagning og myndun tengslanets er kostnaðarmetin samtals 650 þús. kr. og er fjármagnað með styrk frá mennta- og barnamálaráðuneytinu. Samtals er aðgerðin kostnaðarmetin á um 8,7 m.kr. og er ný fjárþörf 0 m.kr.

10. Börn í fjölmenningarsamfélagi

Markmið: Að allar nýjar fjölskyldur fái samræmda, aðgengilega og menningarnæma móttöku óháð því í hvaða sveitarfélagi eða byggðarlagi þær setjast að. Að ábyrgð þjónustuaðila sé skýr og að börn fái aðgang að námi, frístundum, félagslegum tengslum og nauðsynlegum stuðningi frá upphafi.
Lýsing: Sveitarfélög á Vestfjörðum móti og innleiði heildræna stefnu og áætlun um móttöku nýrra fjölskyldna með hliðsjón af gæðaviðmiði 1 frá Miðstöð menntunar og skólaþjónustu.
Ábyrgðaraðili: Sveitarfélög.
Framkvæmdaraðilar: Stjórnsýsla sveitarfélaga í samstarfi við Vestfjarðastofu, skóla- og velferðarsþjónusta sveitarfélaganna, leik- og grunnskólar, frístundaheimili, félagsmiðstöðvar, annað starfsfólk.
Tímabil: 2026-2030.
Lykilmælikvarðar: Öll sveitarfélög hafi samþykkt heildræna móttökustefnu, framkvæmdaáætlun og geti lýst góðri stöðu í gæðaviðmiði nr. 1 frá MMS.
Fjármagn: Samtals 21.100.00 og er ný fjárþörf metin á síðari stigum.

C. Örugg og heilbrigð uppvaxtarskilyrði

11. Öruggur skóli og snemmtæk viðbrögð við ofbeldi

Markmið: Að öll börn upplifi öryggi í skólanum og viti hvert þau geti leitað. Að draga úr ofbeldi og einelti, koma í veg fyrir endurtekin atvik og að mál falli niður án staðfestrar úrlausnar.
Lýsing: Innleitt verði samræmt verklag í grunnskólum Vestfjarða til að fyrirbyggja, greina og bregðast við einelti, félagslegri einangrun og ofbeldi. Áhersla verði á öryggi og samráð við barnið, skýrar tilkynningaleiðir og skráða eftirfylgd, ásamt tengingu við samþætta þjónustu eða barnaverndarþjónustu þegar við á.
Ábyrgðaraðili: Skólastjórnendur grunnskóla á Vestfjörðum.
Framkvæmdaraðilar: Grunnskólar, skólastjórnendur og allt starfsfólk skóla; tengiliðir farsældar; umsjónarkennarar; námsráðgjafar; skólahjúkrun; nemendaverndarráð; félagsmiðstöðvar; skóla- og félagsþjónusta; barnaverndarþjónusta; heilsugæsla og lögregla eftir eðli og alvarleika máls.
Tímabil: 2027-2030.
Lykilmælikvarðar: Íslenska Æskulýðsrannsóknin.
Fjármagn: Samtals 47.600.000 kr. og er ný fjárþörf 0 kr.

12. Tryggur fullorðinn fyrir hvert barn

Markmið: Að öll börn upplifi að þau hafi aðgang að traustum fullorðnum, að vanlíðan og áhætta greinist fyrr og að börn fái samfelldan stuðning án þess að mál þeirra týnist milli þjónustukerfa.
Lýsing: Tryggt verður að hvert barn í 4.–10. bekk geti greint frá fullorðnum einstaklingi í skólasamfélaginu sem það treystir og getur leitað til. Hinn tryggi fullorðni getur verið umsjónarkennari, annar kennari, stuðningsfulltrúi, námsráðgjafi, skólahjúkrunarfræðingur eða tengiliður farsældar.
Ábyrgðaraðili: Skólastjórnendur grunnskóla.
Framkvæmdaraðilar: Vestfjarðastofa, tengiliðir farsældar í grunnskólum, skólastjórnendur, umsjónarkennarar og aðrir valdir traustir fullorðnir, námsráðgjafar og skólahjúkrun.
Tímabil: 2026-2030.
Lykilmælikvarðar: Íslenska æskulýðsrannsóknin; fullorðinn í skólanum sem gott er að tala við.
Fjármagn: Samtals 35.000.000 kr. og er ný fjárþörf 0 m.kr.

13. Aðgengi að íþróttum, listum og tómstundum óháð aldri og búsetu

Markmið: Að jafna aðgengi barna að íþróttum, listum og tómstunum á milli byggðarlaga og tekjuhópa, auka reglulega þátttöku og draga úr brottfalli á unglingastigi. Að bæta svefn, orku, líkamlega heilsu og andlega líðan barna og efla félagsleg tengsl og þátttöku í samfélaginu.
Lýsing: Unnið verði með íþróttahéruðum, listaskólum, sveitarfélögum, skólum og íþróttafélögum að að tryggja öllum börnum og ungmennum á Vestfjörðum raunhæft aðgengi að reglulegri hreyfingu, skipulögðu íþrótta-, lista- og tómstundastarfi, óháð búsetu, efnahag, fötlun eða félagslegum aðstæðum.
Ábyrgðaraðili: Sveitarfélög á Vestfjörðum í samstarfi við svæðisstöð íþróttahéraða og viðkomandi íþróttahéruð ásamt viðkomandi listnámsskólum.
Framkvæmdaraðilar: Íþróttahéruð Vestfjarða, íþróttafélög, sveitarfélög, grunnskólar, frístunda- og félagsmiðstöðvar, almenningssamgöngur og akstursaðilar, listnámsskólar og foreldrafélög.
Tímabil: 2026-2030
Lykilmælikvarðar: Íslenska æskulýðsrannsóknin; regluleg íþróttaþáttaka, hlutfall sem hreyfir sig; reglulegt listnám eða listastarf; félagsmiðstöðvar; sjálfboðastarf.
Fjármagn: Að viðbættu 15% óvissuálagi er heildarkostnaður sveitarfélaganna áætlaður um 375,5 m.kr. á tímabilinu en ný fjárþörf verður tekin saman á síðari stigum.

14. Öflugt foreldrasamfélag

Markmið: Sett verði af stað vitundarvakning og markviss foreldrafræðsla um mikilvægi reglulegrar samveru, samtala og nærveru foreldra og annarra umönnunaraðila í lífi barna.
Lýsing: Að efla hæfni og sjálfstraust foreldra í uppeldishlutverkinu og styrkja tengsl heimila, skóla og nærsamfélags. Leiðbeina foreldrum með að skapa reglulegt rými fyrir samtal og samveru og auka líkur á að börn leiti til þeirra þegar þau hafa áhyggjur eða líður illa.
Ábyrgðaraðili: Skólaþjónusta sveitarfélaganna.
Framkvæmdaraðilar: Foreldrar, skólar, sveitarfélög, foreldrafélög, Heimili og skóli.

Tímabil: 2026 – 2030.
Lykilmælikvarðar: Íslenska æskulýðsrannsóknin; gera skemmtilega hluti með foreldrum; samskipti við foreldra.
Fjármagn: Samtals um 48.100.000 kr. og er ný fjárþörf þar af 17 m.kr.

15. Saman um örugga hátíð

Markmið: Auka sýnileika ábyrgra fullorðinna einstaklinga á viðburðum, skapa öryggistilfinningu meðal barna og ungmenna, fyrirbyggja ofbeldi og óæskilega hegðun og koma í veg fyrir áfengis- og vímuefnanotkun.
Lýsing: Tómstundafulltrúar, fagfólk frístundastarfs og foreldrafélög vinna markvisst með lögreglu og öryggisgæslu við undirbúning og framkvæmd viðburða þar sem börn og ungmenni koma saman á bæjarhátíðum.
Ábyrgðaraðili: Tómstunda-, íþrótta- og æskulýðsfulltrúar sveitarfélaga ásamt lögreglu.
Framkvæmdaraðilar: Tómstunda-, íþrótta- og æskulýðsfulltrúar sveitarfélaga, lögregla, skipuleggjendur hátíða, foreldrafélög og verkefnastjóri farsældarráðs og ungmennaráðs Vestfjarða.
Tímabil: 2026-2027.
Lykilmælikvarðar: Fjöldi hátíða þar sem ábyrgir fullorðnir eru skilgreindir og starfa; grunnur að verklagi fyrir hátíðar liggur fyrir.
Fjármagn: Heildarkostnaður vegna aðgerðarinnar er áætlaður 5.026.620 kr. Kostnaðarmatið byggir á samþykktri kostnaðaráætlun styrkumsóknar mennta- og barnamálaráðuneytisins og er því ný fjárþörf 0 kr.

D. Þekking sem leiðir til framfara

16. Aukin fagþekking í leikskólum á Vestfjörðum

Markmið: Að fjölga fagmenntuðu starfsfólki í leikskólum á Vestfjörðum, auka möguleika starfsfólks til náms og starfsþróunar og bæta þannig gæði, samfellu og stöðugleika leikskólastarfs á svæðinu.
Lýsing: Aðgerðin miðar að því að leita leiða til að efla fagþekkingu og faglegt starf í leikskólum á Vestfjörðum. Lögð verður áhersla á að finna leiðir til að bæta aðgengi starfsfólks að námi, starfsþróun og símenntun, meðal annars með samstarfi sveitarfélaga, skóla og háskólasamfélagsins. Jafnframt verður unnið að því að skapa aðlaðandi starfsumhverfi, fjölga fagmenntuðu starfsfólki og styrkja samstarf og þekkingarmiðlun milli leikskóla á svæðinu.
Ábyrgðaraðili: Sveitarfélög.
Framkvæmdaraðilar: Sveitarfélög, skólaþjónustur sveitarfélaganna, leikskólastjórnendur og starfsfólk leikskóla.
Tímabil: 2026 – 2030.
Lykilmælikvarðar: Hlutfall fagmenntaðs starfsfólks í leikskólum á Vestfjörðum; fjöldi starfsmanna sem hefur nám í leikskólakennarafræði eða skyldum greinum; fjöldi starfsmanna sem lýkur námi eða viðurkenndri starfsþróun; fjöldi námskeiða, fræðsluerinda og samstarfsverkefna; þátttaka

leikskóla og starfsmanna í sameiginlegri símenntun; starfsmannavelta og fjöldi ómannaðra faglegra stöðugilda.
Fjármagn: kostnaðrmetið á síðari stigum.

17. Aukin þekking og gagnsæi – nýting gagna

Markmið: Að skapa sameiginlega og trausta þekkingu á stöðu barna á Vestfjörðum, gera ákvarðanir markvissari og tryggja að fjármunum og þjónustu sé beint þangað sem þörfin er mest.
Lýsing: Nýta betur fyrirliggjandi gögn um líf og velferð barna. Árlega verði gefið út aðgengilegt stöðumat fyrir Vestfirði sem sýnir þróun lykilmælikvarða, framkvæmd aðgerða og árangur. Niðurstöður verði kynntar börnum, foreldrum, fagfólki og kjörnum fulltrúum á einföldu og barnvænu máli.
Ábyrgðaraðili: Verkefnastjóri farsældarráðs í sameiningu við sveitarfélög.
Framkvæmdaraðilar: Verkefnastjóri farsældarráðs, sveitarfélög, skólar, heilbrigðis- og félagsþjónusta, íþrótta- og frístundaþjónusta.
Tímabil: 2026 – 2030.
Lykilmælikvarðar: Sameiginlegt stöðumat gefið út árlega; nýjustu niðurstöður verði kynntar innan þriggja mánaða frá því að gögn liggja fyrir.
Fjármagn: Samtals um 2.200.000 kr. þar sem ný fjárþörf er 0 kr.

Viðauki I

Upplýsingar um útreikning á fjármagnsþörf

Fyrirvari: um er að ræða gróft mat sem var unnið út frá fyrirliggjandi gögnum um verðlag ársins 2025 frá Skattinum. Öllum tölum og útreikningi skal taka með fyrirvara. Aðgerðirnar eru fjármagnaðar með ólíkum hætti. Sumar falla innan lögbundinna verkefna og reglubundins reksturs sveitarfélaga og stofnana, aðrar eru studdar með tímabundnum styrkjum og enn aðrar kalla á frekari fjármögnun. Við eftirfylgni áætlunarinnar verður staða fjármögnunar metin reglulega og kostnaðaráhrif einstakra aðgerða skýrð eftir því sem þær þróast.

1. Sameiginlegt verklag um samþættingu þjónustu

Áætlaður heildarkostnaður sveitarfélaganna vegna mótunar og innleiðingar sameiginlegs verklags um samþættingu þjónustu er um 9,6 m.kr. á verðlagi ársins 2025. Kostnaðarmatið nær yfir allt framkvæmdartímabil aðgerðarinnar, frá 2026 til 2028, en er ekki árlegur kostnaður. Gert er ráð fyrir að um 3,8 m.kr. falli til árið 2026 vegna kortlagningar og mótunar verklags, um 3,4 m.kr. árið 2027 vegna samráðs, prófunar og frágangs og um 2,4 m.kr. árið 2028 vegna innleiðingar, eftirfylgni og úrbóta.

Í heildarkostnaðinum felast um 7,6 m.kr. vegna vinnuframlags starfsfólks sveitarfélaganna, um 0,7 m.kr. vegna beinna útgjalda, svo sem ferðalaga, fundahalds, uppsetningar og mögulegrar sérfræðiráðgjafar, auk um 1,3 m.kr. óvissuálags. Gert er ráð fyrir að vinnuframlag starfsfólks falli að mestu innan reglubundins rekstrar sveitarfélaganna. Heildarkostnaðurinn endurspeglar því verðmæti þeirra fjármuna og þess vinnutíma sem þarf til að framkvæma aðgerðina, en ekki eingöngu ný útgjöld úr sjóðum sveitarfélaganna.

Sveitarfélag	**Íbúar**	**Vægi í kostnaðarskiptingu**	**Jafn hlutur**	**Hlutur eftir íbúafjölda**	**Samtals**
Árneshreppur	60	6,67%	600.000	40.134	**640.134 kr.**
Kaldrananeshreppur	115	7,05%	600.000	76.923	**676.923 kr.**
Reykhólahreppur	246	7,96%	600.000	164.548	**764.548 kr.**
Strandabyggð	405	9,07%	600.000	270.903	**870.903 kr.**
Súðavíkurhreppur	209	7,71%	600.000	139.799	**739.799 kr.**
Vesturbyggð	1.314	15,41%	600.000	878.930	**1.478.930 kr.**
Bolungarvíkurkaupstaður	995	13,18%	600.000	665.552	**1.265.552 kr.**
Ísafjarðarbær	3.832	32,95%	600.000	2.563.211	**3.163.211 kr.**
Samtals	**7.176**	**100%**	**4.800.000**	**4.800.000**	**9.600.0 .**

2. Samræmd fræðsluáætlun um farsæld barna

Áætlaður heildarkostnaður sveitarfélaganna vegna mótunar og framkvæmdar samræmdrar fræðsluáætlunar um farsæld barna er um 14,7 m.kr. á verðlagi ársins 2025. Kostnaðarmatið nær yfir allt framkvæmdartímabil aðgerðarinnar, árin 2026 og 2027, en er ekki árlegur kostnaður. Matið byggir á því að gerð verði sameiginleg fræðsluáætlun fyrir hvort ár, haldin verði að minnsta kosti tvö fræðsluerindi á ári og að að meðaltali tíu fulltrúar frá hverju sveitarfélagi sæki hvert erindi. Gert er ráð fyrir að aðgerðin krefjist um 1.012 vinnustunda. Þar undir fellur vinna við þarfagreiningu, verkefnastýringu, gerð fræðsluáætlunar, samhæfingu sveitarfélaganna, undirbúning og framkvæmd fræðsluerinda, þátttöku starfsfólks og kjörinna fulltrúa, skráningu þátttöku og mat á árangri. Miðað við 12.000 kr. meðalkostnað á vinnustund er verðmæti vinnuframlagsins um 12,1 m.kr. Beinn kostnaður vegna fyrirlesara, fræðsluefnis, tæknilegrar framkvæmdar og mögulegra ferðalaga er áætlaður um 675 þús. kr. Að viðbættu 15% óvissuálagi er heildarkostnaður aðgerðarinnar áætlaður um 14,7 m.kr.

Styrkur mennta- og barnamálaráðuneytisins, að fjárhæð 675 þús. kr., er ætlaður til að standa undir beinum útgjöldum aðgerðarinnar til loka árs 2027. Að teknu tilliti til styrksins er áætlað framlag sveitarfélaganna, fyrst og fremst í formi vinnutíma starfsfólks og kjörinna fulltrúa, um 14,0 m.kr. Gert er ráð fyrir að vinnuframlagið falli að mestu innan reglubundins rekstrar sveitarfélaganna.

Sveitarfélag	Íbúar	Vægi í kostnaðarskiptingu	Jafn hlutur	Hlutur eftir íbúafjölda	Samtals
Árneshreppur	60	6,67%	876.563 kr.	58.632 kr.	**935.195 kr.**
Kaldrananeshreppur	115	7,05%	876.563 kr.	112.379 kr.	**988.942 kr.**
Reykhólahreppur	246	7,96%	876.563 kr.	240.395 kr.	**1.116.958 kr.**
Strandabyggð	405	9,07%	876.563 kr.	395.772 kr.	**1.272.335 kr.**
Súðavíkurhreppur	209	7,71%	876.563 kr.	204.238 kr.	**1.080.801 kr.**
Vesturbyggð	1.314	15,41%	876.563 kr.	1.284.061 kr.	**2.160.624 kr.**
Bolungarvíkurkaupstaður	995	13,18%	876.563 kr.	972.329 kr.	**1.848.892 kr.**
Ísafjarðarbær	3.832	32,95%	876.563 kr.	3.744.690 kr.	**4.621.253 kr.**
Samtals	**7.176**	**100%**	**7.012.500 kr.**	**7.012.500 kr.**	**14.025.000 kr.**

3. Sameiginlegt yfirlit yfir úrræði og þjónustu fyrir börn á Vestfjörðum

Áætlaður heildarkostnaður sveitarfélaganna vegna gerðar og innleiðingar sameiginlegs yfirlits yfir úrræði og þjónustu fyrir börn á Vestfjörðum er um 12,7 m.kr. á verðlagi ársins 2025. Kostnaðarmatið nær yfir allt framkvæmdartímabil aðgerðarinnar, árin 2027 og 2028,

en er ekki árlegur kostnaður. Gert er ráð fyrir að aðgerðin krefjist um 856 vinnustunda við verkefnastýringu, mótun sameiginlegs flokkunarkerfis, kortlagningu þjónustu, samráð við þjónustuveitendur, yfirferð og skráningu upplýsinga, einfalda stafræna birtingu og mótun verklags um reglulega uppfærslu. Miðað við 12.000 kr. meðalkostnað á vinnustund er verðmæti vinnuframlagsins um 10,3 m.kr. Gert er ráð fyrir að yfirlitið verði birt með einföldum hætti í fyrirliggjandi vefkerfi eða á öðrum sameiginlegum og aðgengilegum vettvangi. Ekki er gert ráð fyrir sérsmíði eða kaupum á nýrri og kostnaðarsamri veflausn. Beinn kostnaður vegna uppsetningar, ritstjórnar, aðgengisyfirferðar, þýðinga og samráðs er áætlaður um 750 þús. kr. Að viðbættu 15% óvissuálagi er heildarkostnaður aðgerðarinnar áætlaður um 12,7 m.kr. Vinnuframlag starfsfólks fellur að mestu innan reglubundins rekstrar sveitarfélaganna.

Sveitarfélag	Íbúar	Vægi í kostnaðarskiptingu	Jafn hlutur	Hlutur eftir íbúafjölda	Samtals
Árneshreppur	60	6,67%	793.750 kr.	53.094 kr.	**846.844 kr.**
Kaldrananeshreppur	115	7,05%	793.750 kr.	101.763 kr.	**895.513 kr.**
Reykhólahreppur	246	7,96%	793.750 kr.	217.684 kr.	**1.011.434 kr.**
Strandabyggð	405	9,07%	793.750 kr.	358.382 kr.	**1.152.132 kr.**
Súðavíkurhreppur	209	7,71%	793.750 kr.	184.943 kr.	**978.693 kr.**
Vesturbyggð	1.314	15,41%	793.750 kr.	1.162.751 kr.	**1.956.501 kr.**
Bolungarvíkurkaupstaður	995	13,18%	793.750 kr.	880.470 kr.	**1.674.220 kr.**
Ísafjarðarbær	3.832	32,95%	793.750 kr.	3.390.914 kr.	**4.184.664 kr.**
Samtals	**7.176**	**100%**	**6.350.000 kr.**	**6.350.000 kr.**	**12.700.000 kr.**

4. Samþættur stuðningur við fjölskyldur frá fyrstu stundu

Áætlaður heildarkostnaður vegna könnunar, mótunar og innleiðingar samþætts stuðnings við fjölskyldur frá fyrstu stundu er um 19,3 m.kr. á verðlagi ársins 2025. Kostnaðarmatið nær yfir allt framkvæmdartímabil aðgerðarinnar, árin 2027–2030, en er ekki árlegur kostnaður. Matið tekur til vinnu sveitarfélaganna átta, Heilbrigðisstofnunar Vestfjarða og Heilbrigðisstofnunar Vesturlands. Gert er ráð fyrir um 1.300 vinnustundum við fýsileikamat, verkefnastýringu, mótun og innleiðingu sameiginlegra verkferla, fræðslu starfsfólks, upplýsingagjöf til fjölskyldna, félagslega ráðgjöf og árangursmat. Verðmæti vinnuframlagsins er áætlað um 15,6 m.kr. Beinn kostnaður vegna funda, ferða, fræðsluefnis, þýðinga og sérfræðiráðgjafar er áætlaður um 1,2 m.kr. Að viðbættu 15% óvissuálagi er heildarkostnaður aðgerðarinnar áætlaður um 19,3 m.kr.

Lagt er til að sveitarfélögin beri samanlagt 60% kostnaðarins, eða um 11,6 m.kr., Heilbrigðisstofnun Vestfjarða 25%, eða um 4,8 m.kr., og Heilbrigðisstofnun Vesturlands 15%, eða um 2,9 m.kr. Gert er ráð fyrir að kostnaðurinn felist að mestu í vinnuframlagi starfsfólks innan reglubundins rekstrar viðkomandi stofnana. Ekki er gert ráð fyrir sérstakri

fjármögnun aðgerðarinnar, en kostnaðarmat skal endurskoða að loknu fýsileikamati og þegar umfang þjónustunnar og áætlaður fjöldi fjölskyldna liggur fyrir.

Sveitarfélag	Íbúar	Vægi	Jafn hlutur	Hlutur eftir íbúafjölda	Samtals
Árneshreppur	60	6,67%	723.750 kr.	48.411 kr.	**772.161 kr.**
Kaldrananeshreppur	115	7,05%	723.750 kr.	92.788 kr.	**816.538 kr.**
Reykhólahreppur	246	7,96%	723.750 kr.	198.487 kr.	**922.237 kr.**
Strandabyggð	405	9,07%	723.750 kr.	326.777 kr.	**1.050.527 kr.**
Súðavíkurhreppur	209	7,71%	723.750 kr.	168.633 kr.	**892.383 kr.**
Vesturbyggð	1.314	15,41%	723.750 kr.	1.060.209 kr.	**1.783.959 kr.**
Bolungarvíkurkaupstaður	995	13,18%	723.750 kr.	802.822 kr.	**1.526.572 kr.**
Ísafjarðarbær	3.832	32,95%	723.750 kr.	3.091.873 kr.	**3.815.623 kr.**
Samtals	**7.176**	**100%**	**5.790.000 kr.**	**5.790.000 kr.**	**11.580.000 kr.**

5. Lágþröskuldar geðheilbrigðisþjónusta fyrir börn og ungmenni

Tekið saman á síðari stigum, verkefnið þegar í vinnslu hjá Heilbrigðisstofnun Vestfjarða. Fjármagnað hjá Ísafjarðarbær og Bolungarvíkurkaupstað með tilkomu Bergið Headspace.

6. Virk ungmennaráð á öllum Vestfjörðum

Áætlaður heildarkostnaður vegna stofnunar, endurvakningar og reksturs virkra ungmennaráða í öllum sveitarfélögum á Vestfjörðum er um 41,4 m.kr. á verðlagi ársins 2025. Kostnaðarmatið nær yfir allt framkvæmdartímabil aðgerðarinnar, árin 2026–2030, en er ekki árlegur kostnaður. Gert er ráð fyrir að aðgerðin krefjist um 2.400 vinnustunda við stofnun eða endurvakningu ráðanna, reglulega umsjón starfsmanna, undirbúning og eftirfylgni funda, formlega afgreiðslu erinda hjá sveitarstjórnum, svæðisbundið samstarf og árangursmat. Verðmæti vinnuframlags sveitarfélaganna er áætlað um 28,8 m.kr. Beinn kostnaður vegna fundarþóknunar eða þátttökustyrkja ungmenna, ferðalaga, fræðslu, veitinga og sameiginlegra verkefna er áætlaður um 7,2 m.kr. Að viðbættu 15% óvissuálagi er heildarkostnaður aðgerðarinnar áætlaður um 41,4 m.kr.

Fyrirliggjandi fjármögnun nemur 210 þús. kr. úr styrk mennta- og barnamálaráðuneytisins. Að teknu tilliti til styrksins er áætlað framlag sveitarfélaganna um 41,2 m.kr. á tímabilinu. Gert er ráð fyrir að stór hluti framlagsins felist í vinnutíma starfsfólks innan reglubundins rekstrar. Sveitarfélög sem ákveða jafnframt að innleiða verkefnið Barnvænt sveitarfélag þurfa að gera ráð fyrir 600 þús. kr. viðbótarkostnaði hvert um sig, sem dreifist á þrjú ár. Sá kostnaður er ekki innifalinn í sameiginlegu kostnaðarmati ungmennaráðanna og leggst aðeins á þau sveitarfélög sem taka ákvörðun um innleiðingu verkefnisins.

Sveitarfélag	Íbúar	Vægi	Jafn hlutur	Hlutur eftir íbúafjölda	Samtals 2026–2030
Árneshreppur	60	6,67%	2.574.375 kr.	172.199 kr.	**2.746.574 kr.**
Kaldrananeshreppur	115	7,05%	2.574.375 kr.	330.048 kr.	**2.904.423 kr.**
Reykhólahreppur	246	7,96%	2.574.375 kr.	706.016 kr.	**3.280.391 kr.**
Strandabyggð	405	9,07%	2.574.375 kr.	1.162.343 kr.	**3.736.718 kr.**
Súðavíkurhreppur	209	7,71%	2.574.375 kr.	599.827 kr.	**3.174.202 kr.**
Vesturbyggð	1.314	15,41%	2.574.375 kr.	3.771.158 kr.	**6.345.533 kr.**
Bolungarvíkurkaupstaður	995	13,18%	2.574.375 kr.	2.855.633 kr.	**5.430.008 kr.**
Ísafjarðarbær	3.832	32,95%	2.574.375 kr.	10.997.776 kr.	**13.572.151 kr.**
Samtals	**7.176**	**100%**	**20.595.000 kr.**	**20.595.000 kr.**	**41.190.000 kr.**

Barnvænt sveitarfélag sem valkvæður viðbótarkostnaður

Innleiðing	Kostnaður á sveitarfélag
Fyrsta ár	200.000 kr.
Annað ár	200.000 kr.
Þriðja ár	200.000 kr.
Samtals á þremur árum	**600.000 kr.**

7. Tilraunaverkefni um ungmennahús og viðburði fyrir ungmenni

Heildarkostnaður vegna tilraunaverkefnis um ungmennahús og viðburði fyrir ungmenni er áætlaður 1.150.000 kr. Kostnaðarmatið byggir á samþykktri kostnaðaráætlun styrkumsóknar til Mennta- og barnamálaráðuneytisins og tekur til tíu viðburða fyrir ungmenni á framhaldsskólaaldri. Gert er ráð fyrir 300 þús. kr. vegna leigu á rými, 250 þús. kr. vegna umsjónar og leiðbeinenda, 150 þús. kr. vegna ferðakostnaðar, 150 þús. kr. vegna efnis og búnaðar, 100 þús. kr. vegna tækjabúnaðar og 200 þús. kr. vegna launa við undirbúning og samskipti. Aðgerðin er að fullu fjármögnuð með 1.150.000 kr. styrk frá mennta- og barnamálaráðuneytinu og því er ekki gert ráð fyrir sérstöku fjárframlagi sveitarfélaganna. Vinnuframlag samstarfsaðila umfram það sem fellur undir styrkinn telst hluti af reglubundnum rekstri þeirra. Kostnaður við hugsanlega stofnun eða rekstur varanlegs ungmennahúss er ekki innifalinn og yrði metinn sérstaklega að loknu tilraunaverkefninu.

8. Jafningjafræðsla ungmenna á Vestfjörðum

Kostnaður vegna sameiginlegs undirbúnings að innleiðingu jafningjafræðslu ungmenna á Vestfjörðum er áætlaður 270 þús. kr. Kostnaðarmatið byggir á samþykktri kostnaðaráætlun styrkumsóknar til Mennta- og barnamálaráðuneytisins og skiptist í 150 þús. kr. vegna tíu ferða milli sveitarfélaga og 120 þús. kr. vegna fjögurra samráðsfunda með tengiliðum sveitarfélaganna. Undirbúningsvinnan er að fullu fjármögnuð með 270 þús. kr. styrk frá mennta- og barnamálaráðuneytinu og því er ekki gert ráð fyrir sérstöku fjárframlagi sveitarfélaganna vegna þessa verkþáttar.

Að loknum undirbúningi er gert ráð fyrir að jafningjafræðsla verði prófuð í eitt ár í að minnsta kosti einu sveitarfélagi. Gróft kostnaðarmat vegna eins árs tilraunakeyrslu er 8 m.kr. og þarf sú fjárhæð að liggja fyrir í fjárhagsáætlun tilraunasveitarfélagsins fyrir árið 2028. Kostnaðurinn fellur á það sveitarfélag sem tekur að sér tilraunaverkefnið, nema sérstakt samkomulag verði gert um sameiginlega fjármögnun. Endanlegt kostnaðarmat verður unnið þegar umfang verkefnisins, fjöldi jafningjafræðara og ráðningarfyrirkomulag liggja fyrir.

9. Efling félagsmiðstöðvarstarfs á Vestfjörðum

Áætlaður heildarkostnaður vegna eflingar félagsmiðstöðvastarfs á Vestfjörðum er um 10,9 m.kr. á verðlagi ársins 2025. Kostnaðarmatið nær yfir allt framkvæmdartímabil aðgerðarinnar, árin 2026–2027, en er ekki árlegur kostnaður. Samkvæmt kostnaðaráætlun styrkumsóknar er gert ráð fyrir 50 þús. kr. vegna upplýsingaöflunar um vel heppnuð félagsmiðstöðvaverkefni og 600 þús. kr. vegna tveggja námskeiða fyrir tómstundafulltrúa og starfsfólk. Þessi kostnaður, samtals 650 þús. kr., er að fullu fjármagnaður með styrk frá mennta- og barnamálaráðuneytinu.

Auk styrkfjármögnuðu verkþáttanna er gert ráð fyrir um 736 vinnustundum við sameiginlega verkefnastýringu, fundi tengslanets, kortlagningu fyrirmyndarverkefna, þátttöku starfsfólks í námskeiðum, staðbundna innleiðingu og árangursmat. Verðmæti vinnuframlagsins er áætlað um 8,8 m.kr. Að viðbættu 15% óvissuálagi er ófjármagnað framlag sveitarfélaganna og Vestfjarðastofu áætlað um 10,3 m.kr. Lagt er til að sveitarfélögin beri samanlagt 85% ófjármagnaða hlutans, eða um 8,7 m.kr., og Vestfjarðastofa 15%, eða um 1,5 m.kr. Gert er ráð fyrir að framlagið felist að mestu í vinnutíma starfsfólks innan reglubundins rekstrar viðkomandi aðila.

Sveitarfélag	Íbúar	Vægi	Jafn hlutur	Hlutur eftir íbúafjölda	Samtals 2026–2027
Árneshreppur	60	6,67%	544.531 kr.	36.423 kr.	**580.955 kr.**
Kaldrananeshreppur	115	7,05%	544.531 kr.	69.812 kr.	**614.343 kr.**
Reykhólahreppur	246	7,96%	544.531 kr.	149.336 kr.	**693.868 kr.**
Strandabyggð	405	9,07%	544.531 kr.	245.859 kr.	**790.390 kr.**
Súðavíkurhreppur	209	7,71%	544.531 kr.	126.875 kr.	**671.406 kr.**
Vesturbyggð	1.314	15,41%	544.531 kr.	797.675 kr.	**1.342.206 kr.**
Bolungarvíkurkaupstaður	995	13,18%	544.531 kr.	604.023 kr.	**1.148.554 kr.**
Ísafjarðarbær	3.832	32,95%	544.531 kr.	2.326.247 kr.	**2.870.778 kr.**
Samtals	**7.176**	**100%**	**4.356.250 kr.**	**4.356.250 kr.**	**8.712.500 kr.**

10. Börn í fjölmenningarsamfélagi

Áætlaður heildarkostnaður vegna mótunar og innleiðingar heildrænnar móttökustefnu fyrir nýjar fjölskyldur á Vestfjörðum er um 21,1 m.kr. á verðlagi ársins 2025. Kostnaðarmatið

nær yfir allt framkvæmdartímabil aðgerðarinnar, árin 2026–2030, en er ekki árlegur kostnaður. Gert er ráð fyrir um 1.212 vinnustundum við sameiginlega verkefnastýringu, stöðumat sveitarfélaganna gagnvart viðeigandi gæðaviðmiðum, samráð við börn og fjölskyldur, mótun sameiginlegs grunnverklags, staðbundna aðlögun, fræðslu, innleiðingu og eftirfylgni. Verðmæti vinnuframlagsins er áætlað um 14,5 m.kr. Beinn kostnaður vegna túlkaþjónustu, þýðinga, samráðs, sérfræðiráðgjafar, hönnunar og funda er áætlaður um 3,8 m.kr. Að viðbættu 15% óvissuálagi er heildarkostnaður aðgerðarinnar áætlaður um 21,1 m.kr. Í kostnaðarmatinu er gert ráð fyrir að sveitarfélögin fjármagni aðgerðina að fullu, meðal annars með vinnuframlagi eigin starfsfólks og kaupum á nauðsynlegri þjónustu.

Sveitarfélag	Íbúar	Vægi	Jafn hlutur	Hlutur eftir íbúafjölda	Samtals 2026–2030
Árneshreppur	60	6,67%	1.318.750 kr.	88.211 kr.	**1.406.961 kr.**
Kaldrananeshreppur	115	7,05%	1.318.750 kr.	169.071 kr.	**1.487.821 kr.**
Reykhólahreppur	246	7,96%	1.318.750 kr.	361.664 kr.	**1.680.414 kr.**
Strandabyggð	405	9,07%	1.318.750 kr.	595.422 kr.	**1.914.172 kr.**
Súðavíkurhreppur	209	7,71%	1.318.750 kr.	307.267 kr.	**1.626.017 kr.**
Vesturbyggð	1.314	15,41%	1.318.750 kr.	1.931.814 kr.	**3.250.564 kr.**
Bolungarvíkurkaupstaður	995	13,18%	1.318.750 kr.	1.462.827 kr.	**2.781.577 kr.**
Ísafjarðarbær	3.832	32,95%	1.318.750 kr.	5.633.724 kr.	**6.952.474 kr.**
Samtals	**7.176**	**100%**	**10.550.000 kr.**	**10.550.000 kr.**	**21.100.000 kr.**

11. Öruggur skóli og snemmtæk viðbrögð við ofbeldi

Áætlaður heildarkostnaður vegna innleiðingar og framkvæmdar samræmds verklags um öruggan skóla og snemmtæk viðbrögð við ofbeldi er um 47,6 m.kr. á verðlagi ársins 2025. Kostnaðarmatið nær yfir allt framkvæmdartímabil aðgerðarinnar, árin 2027–2030, en er ekki árlegur kostnaður. Matið miðast við innleiðingu í 13 grunnskólum á Vestfjörðum og tekur til sameiginlegrar verkefnastýringar, mótunar grunnverklags, staðbundinnar aðlögunar, upphafsfræðslu og árlegrar upprifjunar fyrir starfsfólk, samráðs og upplýsingagjafar til nemenda, skráningar, eftirfylgni og árlegs mats. Gert er ráð fyrir um 3.236 vinnustundum og er verðmæti vinnuframlagsins áætlað um 38,8 m.kr. Beinn kostnaður vegna fræðslu, sérfræðiráðgjafar, leiðbeininga, ferðalaga og aðgengilegs kynningarefnis er áætlaður um 2,6 m.kr. Að viðbættu 15% óvissuálagi er heildarkostnaður aðgerðarinnar áætlaður um 47,6 m.kr. Sveitarfélögin fjármagna aðgerðina að fullu. Þar sem forvarnir, öryggi nemenda og viðbrögð við ofbeldi eru hluti af lögbundnu hlutverki skólanna er gert ráð fyrir að megnið af kostnaðinum felist í vinnuframlagi starfsfólks innan reglubundins rekstrar. Ekki er gert ráð fyrir kaupum á nýju upplýsingakerfi og skulu skólar eftir föngum nýta fyrirliggjandi skráningar- og samskiptakerfi.

Sveitarfélag	Íbúar	Vægi	Jafn hlutur	Hlutur eftir íbúafjölda	Samtals 2027–2030
Árneshreppur	60	6,67%	2.975.000 kr.	198.997 kr.	**3.173.997 kr.**
Kaldrananeshreppur	115	7,05%	2.975.000 kr.	381.410 kr.	**3.356.410 kr.**
Reykhólahreppur	246	7,96%	2.975.000 kr.	815.886 kr.	**3.790.886 kr.**
Strandabyggð	405	9,07%	2.975.000 kr.	1.343.227 kr.	**4.318.227 kr.**
Súðavíkurhreppur	209	7,71%	2.975.000 kr.	693.172 kr.	**3.668.172 kr.**
Vesturbyggð	1.314	15,41%	2.975.000 kr.	4.358.027 kr.	**7.333.027 kr.**
Bolungarvíkurkaupstaður	995	13,18%	2.975.000 kr.	3.300.028 kr.	**6.275.028 kr.**
Ísafjarðarbær	3.832	32,95%	2.975.000 kr.	12.709.253 kr.	**15.684.253 kr.**
Samtals	**7.176**	**100%**	**23.800.000 kr.**	**23.800.000 kr.**	**47.600.000 kr.**

12. Tryggur fullorðinn fyrir hvert barn

Áætlaður heildarkostnaður vegna innleiðingar og framkvæmdar aðgerðarinnar Tryggur fullorðinn fyrir hvert barn er um 35,0 m.kr. á verðlagi ársins 2025. Kostnaðarmatið nær yfir allt framkvæmdartímabilið, árin 2026–2030, en er ekki árlegur kostnaður. Matið miðast við innleiðingu í 13 grunnskólum á Vestfjörðum og tekur til sameiginlegrar verkefnastýringar, mótunar aðferðafræði, fræðslu starfsfólks, upplýsingagjafar til nemenda, eftirfylgni þegar barn getur ekki nefnt traustan fullorðinn og umbótavinnu á grundvelli niðurstaðna. Gert er ráð fyrir um 2.468 vinnustundum og er verðmæti vinnuframlagsins áætlað um 29,6 m.kr. Beinn kostnaður vegna fræðslu, leiðbeininga, funda og barnvæns kynningarefnis er áætlaður um 850 þús. kr. Að viðbættu 15% óvissuálagi er heildarkostnaður aðgerðarinnar áætlaður um 35,0 m.kr.

Sveitarfélögin fjármagna aðgerðina að fullu og er gert ráð fyrir að megnið af kostnaðinum felist í vinnuframlagi innan reglubundins skólastarfs. Kostnaður við framkvæmd Íslensku æskulýðsrannsóknarinnar er greiddur af ríkinu og er því ekki innifalinn í kostnaðarmatinu. Vinna skólanna við yfirferð niðurstaðna, ákvörðun úrbóta og eftirfylgni er hins vegar talin með.

Sveitarfélag	Íbúar	Vægi	Jafn hlutur	Hlutur eftir íbúafjölda	Samtals 2026–2030
Árneshreppur	60	6,67%	2.187.500 kr.	146.321 kr.	**2.333.821 kr.**
Kaldrananeshreppur	115	7,05%	2.187.500 kr.	280.449 kr.	**2.467.949 kr.**
Reykhólahreppur	246	7,96%	2.187.500 kr.	599.916 kr.	**2.787.416 kr.**
Strandabyggð	405	9,07%	2.187.500 kr.	987.667 kr.	**3.175.167 kr.**
Súðavíkurhreppur	209	7,71%	2.187.500 kr.	509.685 kr.	**2.697.185 kr.**
Vesturbyggð	1.314	15,41%	2.187.500 kr.	3.204.431 kr.	**5.391.931 kr.**
Bolungarvíkurkaupstaður	995	13,18%	2.187.500 kr.	2.426.491 kr.	**4.613.991 kr.**
Ísafjarðarbær	3.832	32,95%	2.187.500 kr.	9.345.039 kr.	**11.532.539 kr.**
Samtals	**7.176**	**100%**	**17.500.000 kr.**	**17.500.000 kr.**	**35.00.0 .**

13. Aðgengi að íþróttum, listum og tómstundum óháð aldri og búsetu

Áætlaður heildarkostnaður sveitarfélaganna vegna aðgerða til að jafna aðgengi barna að íþróttum, listum og tómstundum á Vestfjörðum er um 375,5 m.kr. á verðlagi ársins 2025. Kostnaðarmatið nær yfir allt framkvæmdartímabilið, árin 2026–2030, og samsvarar að meðaltali um 75,1 m.kr. á ári. Vinnuframlag sveitarfélaganna við staðbundna samhæfingu, yfirferð gagna og árangursmat er áætlað um 36,5 m.kr. Beinn viðbótarkostnaður er áætlaður um 290 m.kr. og tekur til þátttöku- og frístundastyrkja, aksturs og ferðastuðnings, aukins framboðs í smærri byggðarlögum, stuðnings vegna fötlunar og annarra sértækra þarfa, listnáms og upplýsingamiðlunar. Að viðbættu 15% óvissuálagi er heildarkostnaður sveitarfélaganna áætlaður um 375,5 m.kr.

Sameiginleg verkefnastýring og fagleg samhæfing svæðisfulltrúa íþróttahéraðanna er fjármögnuð af ríkinu á vettvangi ÍSÍ og UMFÍ. Verðmæti þess vinnuframlags er áætlað um 7,2 m.kr. og er ekki innifalið í kostnaði sveitarfélaganna. Kostnaður við framkvæmd Íslensku æskulýðsrannsóknarinnar er einnig greiddur af ríkinu og ekki innifalinn.

Kostnaðarmatið nær aðeins til viðbótarkostnaðar vegna aðgerðarinnar en ekki núverandi almennra rekstrarframlaga sveitarfélaganna til íþrótta-, lista- og tómstundastarfs. Matið skal endurskoða að lokinni kortlagningu á núverandi framboði, þátttöku, ferðakostnaði og stuðningskerfum sveitarfélaganna. Kostnaðarmatið skal endurskoða að lokinni kortlagningu á núverandi framboði, þátttöku, ferðakostnaði og stuðningskerfum sveitarfélaganna.

Sveitarfélag	Jafn hlutur	Hlutur eftir íbúafjölda	Samtals 2026–2030	Meðaltal á ári
Árneshreppur	23.468.750 kr.	1.569.816 kr.	**25.038.566 kr.**	**5.007.713 kr.**
Kaldrananeshreppur	23.468.750 kr.	3.008.814 kr.	**26.477.564 kr.**	**5.295.513 kr.**
Reykhólahreppur	23.468.750 kr.	6.436.246 kr.	**29.904.996 kr.**	**5.980.999 kr.**
Strandabyggð	23.468.750 kr.	10.596.258 kr.	**34.065.008 kr.**	**6.813.002 kr.**
Súðavíkurhreppur	23.468.750 kr.	5.468.193 kr.	**28.936.943 kr.**	**5.787.389 kr.**
Vesturbyggð	23.468.750 kr.	34.378.972 kr.	**57.847.722 kr.**	**11.569.544 kr.**
Bolungarvíkurkaupstaður	23.468.750 kr.	26.032.783 kr.	**49.501.533 kr.**	**9.900.307 kr.**
Ísafjarðarbær	23.468.750 kr.	100.258.919 kr.	**123.727.669 kr.**	**24.745.534 kr.**
Samtals	**187.750.000 kr.**	**187.750.000 kr.**	**375.500.000 kr.**	**75.100.000 kr.**

14. Öflugt foreldrasamfélag

Áætlaður heildarkostnaður vegna aðgerðarinnar Öflugt foreldrasamfélag er um 48,1 m.kr. á verðlagi ársins 2025. Kostnaðarmatið nær yfir allt framkvæmdartímabilið, árin 2026–2030,

og samsvarar að meðaltali um 9,6 m.kr. á ári. Matið tekur til sameiginlegrar verkefnastýringar, þarfagreiningar, samstarfs sveitarfélaga, skóla og foreldrafélaga, foreldrafræðslu, staðbundinna verkefna, þýðinga, túlkaþjónustu og aðgerða sem auðvelda foreldrum þátttöku. Gert er ráð fyrir um 2.590 vinnustundum og er verðmæti vinnuframlags sveitarfélaganna áætlað um 31,1 m.kr. Beinn kostnaður vegna fræðslu, kynningarefnis, þýðinga, aðgengis og stuðnings við foreldrafélög er áætlaður um 10,8 m.kr. Að viðbættu 15% óvissuálagi er heildarkostnaður aðgerðarinnar áætlaður um 48,1 m.kr.

Sveitarfélögin fjármagna aðgerðina að fullu og er gert ráð fyrir að stór hluti kostnaðarins felist í vinnuframlagi innan reglubundins skóla- og frístundastarfs. Kostnaður við framkvæmd Íslensku æskulýðsrannsóknarinnar er greiddur af ríkinu og er ekki innifalinn. Vinna sveitarfélaganna við að greina niðurstöður, móta viðbrögð og fylgja umbótum eftir er hins vegar talin með.

Sveitarfélag	Jafn hlutur	Hlutur eftir íbúafjölda	Samtals 2026–2030	Meðaltal á ári
Árneshreppur	3.006.250 kr.	201.087 kr.	**3.207.337 kr.**	**641.467 kr.**
Kaldrananeshreppur	3.006.250 kr.	385.417 kr.	**3.391.667 kr.**	**678.333 kr.**
Reykhólahreppur	3.006.250 kr.	824.457 kr.	**3.830.707 kr.**	**766.141 kr.**
Strandabyggð	3.006.250 kr.	1.357.337 kr.	**4.363.587 kr.**	**872.717 kr.**
Súðavíkurhreppur	3.006.250 kr.	700.453 kr.	**3.706.703 kr.**	**741.341 kr.**
Vesturbyggð	3.006.250 kr.	4.403.804 kr.	**7.410.054 kr.**	**1.482.011 kr.**
Bolungarvíkurkaupstaður	3.006.250 kr.	3.334.692 kr.	**6.340.942 kr.**	**1.268.188 kr.**
Ísafjarðarbær	3.006.250 kr.	12.842.754 kr.	**15.849.004 kr.**	**3.169.801 kr.**
Samtals	**24.050.000 kr.**	**24.050.000 kr.**	**48.100.000 kr.**	**9.620.000 kr.**

15. Saman um örugga hátíð

Heildarkostnaður vegna aðgerðarinnar Saman um örugga hátíð er áætlaður 5.026.620 kr. Kostnaðarmatið byggir á samþykktri kostnaðaráætlun styrkumsóknar og tekur til undirbúnings, samráðs við lögreglu og foreldrafélög, viðveru starfsfólks, sýnileikabúnaðar, kynningarefnis og mats á framkvæmd sex hátíða. Fastur kostnaður vegna undirbúnings og skipulags er áætlaður 447.770 kr. á hvern viðburð og breytilegur framkvæmdakostnaður 390.000 kr. á viðburð. Heildarkostnaður á hverja hátíð er því áætlaður 837.770 kr. Aðgerðin er að fullu fjármögnuð með 5.026.620 kr. styrk frá mennta- og barnamálaráðuneytinu og því er ekki gert ráð fyrir sérstöku fjárframlagi sveitarfélaganna. Vinnuframlag tómstundafulltrúa og starfsfólks er þegar innifalið í kostnaðaráætlun styrksins.

16. Fagþekking í leikskólum á Vestfjörðum

Kostnaðarmat verður framkvæmt á síðari stigum.

17. Auking þekking og gangsæi – nýting gagna

Áætlaður heildarkostnaður við aðgerðina Aukin þekking og gagnsæi – nýting gagna er um 16,6 m.kr. fyrir tímabilið 2026–2030. Aðgerðin felur ekki í sér sérstaka gagnaöflun heldur byggist hún fyrst og fremst á markvissri nýtingu fyrirliggjandi gagna, einkum niðurstaðna Íslensku æskulýðsrannsóknarinnar. Kostnaður við framkvæmd rannsóknarinnar er fjármagnaður af ríkinu og fellur því ekki á sveitarfélögin. Kostnaðaráætlunin gerir ráð fyrir að niðurstöður rannsóknarinnar verði greindar árlega fyrir Vestfirði og settar fram í sameiginlegri stöðusamantekt. Í vinnunni felst verkefnastjórn, greining niðurstaðna, skýrslugerð, barnvæn og aðgengileg framsetning ásamt kynningu fyrir börnum, foreldrum, fagfólki og kjörnum fulltrúum. Einnig er gert ráð fyrir takmörkuðu vinnuframlagi sveitarfélaganna við að yfirfara niðurstöður, leggja til staðbundið samhengi og nýta upplýsingarnar við stefnumótun og forgangsröðun þjónustu.

Áætlað vinnuframlag sveitarfélaganna á tímabilinu er um 2,2 m.kr. Kostnaðinum er skipt þannig að helmingur skiptist jafnt milli sveitarfélaganna og helmingur eftir íbúafjölda. Sameiginlegur verkefnishluti aðgerðarinnar, þar á meðal verkefnastjórn, greining, skýrslugerð og miðlun, er áætlaður um 14,4 m.kr. Gert er ráð fyrir að sá hluti verði fjármagnaður sameiginlega út framkvæmdartímabilið. Kostnaðaráætlunin gerir því ekki ráð fyrir að sveitarfélögin þurfi að fjármagna framkvæmd rannsóknarinnar eða sérstaka frumgagnaöflun.

Sveitarfélag	**Jöfn skipting, 50%**	**Skipting eftir íbúafjölda, 50%**	**Heildarkostnaður 2026–2030**
Árneshreppur	137.500 kr.	9.198 kr.	**146.698 kr.**
Kaldrananeshreppur	137.500 kr.	17.628 kr.	**155.128 kr.**
ReyFlyólahreppur	137.500 kr.	37.709 kr.	**175.209 kr.**
Strandabyggð	137.500 kr.	62.082 kr.	**199.582 kr.**
Súðavíkurhreppur	137.500 kr.	32.037 kr.	**169.537 kr.**
Vesturbyggð	137.500 kr.	201.422 kr.	**338.922 kr.**
Bolungarvíkurkaupstaður	137.500 kr.	152.522 kr.	**290.022 kr.**
Ísafjarðarbær	137.500 kr.	587.402 kr.	**724.902 kr.**
Samtals	**1.100.000 kr.**	**1.100.000 kr.**	**2.200.000 kr.**